

Um stuðnings og ráðgjafarteymið

Stuðnings- og ráðgjafarteymi Landspítala starfar á vegum mannauðssviðs.

Hlutverk og markmið

Markmið stuðnings- og ráðgjafarteymis starfsmanna Landspítala er að styrkja starfsmenn sem standa frammi fyrir álagi, áföllum eða hverju því sem hefur veruleg áhrif á líðan þeirra eða starfsgetu.

Helstu málaflokkar

- Stuðningur vegna vanda einstakra starfsmanna.
- Ráðgjöf fyrir svið/deildir eða minni starfseiningar á Landspítala.
- Handleiðsla til eflingar starfi og starfsemi.
- Athuganir vegna eineltis eða annarra vandamála.
- Þróunar- og forvarnarstarf.

Hverjir eru í teyminu?

Stuðnings- og ráðgjafarteymið samanstendur af þverfaglegum hópi starfsmanna Landspítala. Starfsmennirnir eru fagaðilar frá ólíkum sviðum LSH með reynslu af aðstoð, meðferð og stuðningi við einstaklinga og hópa.

Sjá [fulltrúar stuðnings- og ráðgjafarteymisins](#).

Aðgengi að teyminu

Beiðni um stuðning eða ráðgjöf skal send með því að fylla út [almenna beiðni](#) um aðstoð frá teyminu. Einnig er hægt að hafa samband við formann teymisins eða við hvern þann sem í teyminu situr. Reynt er að bregðast eins hratt og mögulegt er við þessum beiðnum. Síminn á mannauðssviði er 543-1330.

[Formaður stuðnings- og ráðgjafarteymisins](#) hefur aðsetur á mannauðssviði og þangað er einnig hægt að senda beiðni til stuðningsteymisins.

Tölvupóstfang formannsins er hordurth@landspitali.is.

Meðferð mála

Frumskylda fulltrúa stuðnings- og ráðgjafarteymisins er við þá einstaklinga sem leita til teymisins eftir aðstoð eða ráðgjöf vegna erfiðleika eða áfalla sem tengjast starfi og/eða starfsumhverfi.

Einstaklingar sem leita til stuðnings- og ráðgjafarteymisins eiga að jafnaði kost á 1 - 4 viðtölum. Ef koma þarf erindi einstaklings í áframhaldandi farveg mun úrvinnsla fara fram í samráði við þann sem leitar til teymisins.

Þegar leitað er til stuðnings- og ráðgjafarteymisins vegna álags eða samstarfserfiðleika á deildum, stendur starfsfólki viðkomandi deilda til boða einn eða fleiri fundir eftir þörfum með aðilum frá stuðnings- og ráðgjafarteymi. Inntakið getur verið viðrun vegna atviks eða lausnavinna vegna ágreiningsmála eða lélegs starfsanda.

Meðferð persónuupplýsinga

Mál einstaklinga sem leita eftir stuðningi eða ráðgjöf hjá teyminu eru ekki skráð í neinum kerfum við úrvinnslu þeirra. Fullur trúnaður ríkir um slík mál. Mál sem snúa að handleiðslu eða eru unnin samkvæmt formlegri beiðni um athugun eru hins vegar tengd nafni eða starfseiningu. Árlega er tekin saman skýrsla um umfang og eðli þeirra mála sem teymið hefur sinnt. Þar er engra nafna getið.

Frekari upplýsingar er að finna á innra neti og beiðni þar sem hægt er að bóka viðtal hjá teyminu.

<http://innri.lsh.is/starfsemin/radgjof-thjonusta-og-teymi/studnings-og-radgjafarteymi/>